

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2021-2023

Ríkisaðili	kvennaskólinn í Reykjavík			Ráðuneyti	Mennta- og menningarmálaráðuneytið		
Ábyrgðaraðili	Forstöðumaður: Hjalti Jón Sveinsson						
A	Kjarnastarfsemi						
	<p><i>Kvennaskólinn er bekkjaskóli og býður bóklegt nám til stúdentsprófs til 200 eininga. Í skólanum eru þrjár námsbrautir í boði, félagsvísindabraut, hugvísindabraut og náttúruvísindabraut. Skólinn starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi aðalnámskrá. Náms tími er sveigjanlegur 3-4 ár en stefna skólans er að flestir ljúki stúdentsprófi á þremur árum. Inntökuskilyrði eru tilgreind á vef skólans sem og kröfur um námsframvindu. Skólanámskrá skólans er í samræmi við Aðalnámskrá framhaldsskóla og byggir á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Námskráin er aðgengileg á heimasíðu skólans og er einungis á rafrænu formi. Skólanámskráin er skipt í fimm kafla sem heimasíða skólans endurspeglar: Upplýsingar um skólann og starfshætti, uppbyggingu námsbrauta og námskröfur, áfangalýsingar, þjónustu sem nemendum er boðið uppá og upplýsingar um námið á ensku. Skólanámskráin er í sífelldri þróun og tekur breytingum ár frá ári, síðast yfirfarin á haustönn 2020. Skólaárið 2020 - 2021 er gert ráð fyrir 630-640 ársnemendum en 630 næstu þrjú árin. Á haustönn 2020 stunda 650 nemendur nám við skólann, áætlað er að 10 af þeim útskrifist í desember 2020.</i></p> <p><i>Með eftirfarandi áherslum í kjarnastarfsemi skólans tekur skólinn virkan þátt í vinnu að markmiðum stjórnvalda um aðgang að gæðanámi og stoðþjónustu og að fleiri nemendur ljúki námi á tilskildum tíma.</i></p>						
	Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2021-2023**

<p><b>A1</b></p>	<p>Auka gæði náms og kennslu</p>	<p>Að nemendur séu ánægðir og þeim líði vel í skólanum</p>	<p>Viðhorfskannanir Skólapúlsinn</p>	<p>91% nýnema líður vel í skólanum 96% forráðamanna telja barnið sitt ánægt í skólanum 97% forráðamanna og 93% nýnema eru ánægð með að hafa valið Kvennaskólann.  89% töldu sig vera hluta af tilteknum hópi í skólanum (Borgarbörn 2019)  79,4% nemenda líður vel í skólanum, eru ánægðir</p>	<p>93% <u>nýnema</u> líður vel í skólanum 90% nemenda á öllum námsárum  Ekki færri en 90% telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum.  85% nemenda líður vel í skólanum, eru ánægðir með hann, mæla</p>	<p>95% nemenda á öllum námsárum líði vel í skólanum  Ekki færri en 93% telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum  90% nemenda líður vel í skólanum, eru ánægðir með</p>
------------------	----------------------------------	--	--	--	---	--

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2021-2023

				með hann, mæla með honum og eru stoltir af honum (Skólapúlsinn 2019)	með honum og eru stoltir af honum	hann, mæla með honum og eru stoltir af honum
		Gæði náms og kennslu	Viðhorfskannanir	42% nemenda telja skipulag og framkvæmd kennslunnar í <u>fjarnámi</u> mjög eða frekar góða.  67,6% svarhlutfall í kennslu- og áfangamati	60% telja skipulag og framkvæmd kennslu mjög eða frekar góða.  75% svarhlutfall í kennslu- og áfangamati	80% telja skipulag og framkvæmd kennslu mjög eða frekar góða  80% svarhlutfall í kennslu- og áfangamati

Tengist markmiði málaflokks							
<i>Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma og bæta námsframvindu.</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A1.1	Leggja fyrir endurskoðað kennslu- og áfangamat					Vorönn 2021	Á hverju ári
A1.2	Viðhorfskannanir og þátttaka í Skólapúlsinum					Haustönn 2020	Á hverju ári
A1.3	Efla umsjónarkennarakerfið til að styrkja betur bekkjarandann og efla stoðþjónustu (náms- og starfsráðgjöf og skólasálfræðingur)					Vor 2020	Á hverju ári
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
A2	Að nemendur komi vel undirbúnir til framhaldsnáms		Hlutfall nemenda í framhaldsnámi	Gögn frá Hagstofu  Könnun fyrir útskrifaða nemendur	Ekki vitað	90% útskrifaðra nemenda fara í framhaldsnám	92% útskrifaðra nemenda fara í framhaldsnám
			Gengi nemenda í framhaldsnámi	Könnun meðal útskrifaðra nemenda	85% nemenda sem útskrifuðust vorið 2015	90% telja námið í skólanum hafa verið góðan	92% telja námið í skólanum góðan

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2021-2023**

				töldu sig hafa verið vel undirbúin fyrir frekara nám	undirbúningur fyrir frekara nám	undirbúningur fyrir frekara nám
		Námsframboð í kjarna og vali	Könnun lögð fyrir nemendur á 2. og 3. ári	Ekki vitað	80% nemenda á 2. og 3. ári telja námsframboð í kjarna og vali gott.	90% nemenda á 2. og 3. ári telja námsframboð í kjarna og vali gott.
<b>Tengist markmiði málaflokks</b>						
<i>Auka gæði menntunar í framhaldsskólum.</i>						
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
A2.1	Auka ráðgjöf og stuðning við nemendur þegar kemur að vali fyrir 3ja árið. Stuðningur náms- og starfsráðgjafa og aðgangur að upplýsingum á heimasíðu skólans og undir aðstoð í Innu.				Vor 2020	Á hverju ári
A2.2	Þjóða uppá og auglýsa fjölbreytta valáfanga á 3ja þrepi m.a framhaldsáfanga í tölvufræði.				Haust 2020	Á hverju ári

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2021-2023

A2.3	Yfirfara áfangalýsingar allra áfanga og uppfæra á heimasíðu skólans					Haust 2020	Haust 2021
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
A3							
<b>Tengist markmiði málaflokks</b>							
<i>Inntak markmiðs (sbr. gildandi fjármálaáætlun)</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A3.1							
A3.2							
A3.3							

B	Rekstrarþættir
	<p><i>Við skólann starfa nú 75 starfsmenn í 64,7 stöðugildum. Á <b>kennslusviði</b> starfa 56 kennarar, 41 kona og 15 karlar í 47,8 stöðugildum, þar af er 1, 97 stöðugildi í veikindaleyfi og 1,5 stöðugildi í námsleyfi. Fjórir starfsmenn sem sinna kennslu eru án kennsluréttinda eða 6,4% af heildar stöðugildum í kennslu. Áfram er gert ráð fyrir nokkurri endurnýjun starfsmanna á tímabilinu. Í nóvember 2020 eru 14 kennarar 60 ára eða eldri og verða 16 árið 2022. Á kennslusviði á <b>sviði nemendapjónustu</b> eru tvær konur í 130% starfi náms- og starfsráðgjafa og í nemendapjónustu starfar einnig sálfræðingur (kk) í 40% stöðu sem veitir nemendum þjónustu á sviði sálgæslu.</i></p> <p><i>Á <b>þjónustusviði</b> starfa 12 starfsmenn, 5 karlar í 4,7 stöðugildum og 7 konur í 6,5 stöðugildum. Sex starfsmenn eru eldri en 60 ára og verða 6 árið 2022 þar sem einn af núverandi starfsmönnum mun láta af störfum á árinu vegna veikinda.</i></p> <p><i>Í <b>yfirstjórn</b> skólans eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármála- og skrifstofustjóri og námstjóri, allir í 100% stöðu. Í þeim hópi eru þrjár konur og einn karl og tveir af fjórum eldri en 60 ára.</i></p> <p><i>Gert er ráð fyrir um 630 nemendum á næstu þrjú árin. Því er ekki reiknað með teljandi breytingum á starfsliði annarri en eðlilegri endurnýjun.</i></p> <p><i>Á heimasíðu skólans (<a href="http://www.kvenno.is">www.kvenno.is</a>) er að finna jafnréttisstefnu, jafnlaunastefnu, persónuverndarstefnu, samgöngustefnu, starfsmannastefnu –og að auki jafnréttisáætlun, móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, áætlun gegn einelti og ofbeldi, áætlun um viðbrögð við vá og áætlanir skólans ef upp kemur Covid smit eða grunur um smit.</i></p>
	<b>Markmið, mælikvarðar og aðgerðir</b>

Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
B1	Aukin skilvirkni	Innleiðing skjalastjórnunarkerfis	Innleiðing skjalavistunarkerfis	Þróun verklags við skjalastjórn	Vinna við skjalavistun, geymslu- og grisjunar-áætlun og notendapjónust	Kerfisbundin skjalastjórn
		Innleiðing jafnlaunastaðals	Umsókn um jafnlaunavottun	Í vinnslu	Jafnlaunavottun	Árleg launagreining í samræmi við jafnlaunastaðalinn
		Upplýsinga- og vinnumiðstöð	Áskrift að rafrænum gagnabönkum	Ekki hafið	Pappírs áskriftum hætt og búið að grísa bókakost safnsins og skrá bókakost í Gegni	Tenging við rafræna gagna-banka og upplýsingaveitur. Rýmri lesaðstaða fyrir nemendur.



**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2021-2023**

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir			
B1.1	Ráðning skjalastjóra til að tryggja kerfisbundna meðferð og varðveislu skjala í samræmi við lög og reglur	Haust 2019	Haust 2021			
B1.2	Móta stefnu í starfsemi og rekstri bókasafnsins	Vor 2020	Haust 2023			
B1.3	Fá vottun á jafnlaunakerfið	Vor 2019	Haust 2020			
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
B2	<b>Aukin starfsánægja (betri vinnuaðstæður)</b>	Staða í stofnun ársins	Niðurstöður úr stofnun ársins	Starfsandi = 4,36 Vinnuskilyrði = 3,63 Ánægja og stolt = 4,51	Starfsandi = 4,5 Vinnuskilyrði = 3,9 Ánægja og stolt = 4,7	Starfsandi = 4,6 Vinnuskilyrði = 4 Ánægja og stolt = 4,8
		Viðhorfskannanir	Starfsmannakönnun sem er hönnuð sérstaklega fyrir skólann	Ekki vitað	Að 80% starfsmanna meti starfsánægju sína	Að 90% starfsmanna meti starfsánægju sína

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2021-2023

					uppá 8 eða hærra	uppá 8 eða hærra
		Endurnýjun á húsbúnaði og miðlunartækjum	Kaup á húsbúnaði og framkvæmdir	Ný vinnuborð og skrifborðs- stólar á vinnustofum kennara  3 snjallskjái + 3 sjónvarps skjái (í stað skjávarpa)	Nýir skjái settir í stað ónýtra skjávarpa í kennslustofum  Hljóðkerfi sett í kennslustofur þar sem hljóðvist er slæm	Búið að endurnýja í 20 kennslu-stofum
<b>Nr.</b>	<b>Verkefni/aðgerðir</b>				<b>Upphaf</b>	<b>Endir</b>
<b>B2.1</b>	Endurnýjun á húsbúnaði og miðlunartækjum í kennslustofum				<b>2018</b>	<b>2025</b>

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2021-2023**

<b>B2.2</b>	Endurnýjun á húsbúnaði (kaffistofur kennara og vinnuherbergji)				<b>2019</b>	<b>2023</b>
<b>B2.3</b>	Auka þátttöku í stofnun ársins og leggja fyrir starfsmenn könnun sem er hönnuð sérstaklega fyrir skólann				Árleg þátttaka í stofnun ársins Starfsmanna-könnun haust 2021	Þátttaka í stofnun ársins á hverju ári Starfsmanna-könnun á 3ja ára fresti
<b>Nr.</b>	<b>Markmið</b>	<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn til grundvallar</b>	<b>Staðan 2019</b>	<b>Viðmið 2021</b>	<b>Viðmið 2023</b>
<b>B3</b>	<b>Draga úr umhverfisáhrifum</b>	Notkun vistvænna samgöngumáta	Samgöngustefna mótuð og samþykkt 2014		Endurskoðun samgöngutefnu	Endurskoðun lokið
		Samgöngusamningar við starfsfólk	Fjöldi samninga á ári hverju	9 samningar	20% starfsmanna með samning	30% starfsmanna með samning
<b>Nr.</b>	<b>Verkefni/aðgerðir</b>				<b>Upphaf</b>	<b>Endir</b>

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2021-2023**

<b>B3.1</b>	<b>Hleðslustöðvar fyrir rafbíla starfsfólks- unnið að hönnun í samvinnu við Ríkiseignir</b>	<b>2021</b>	<b>2023</b>
<b>B3.2</b>	<b>Hjólageymsla - sett verði upp örugg hjólageymsla - unnið að hönnun í samvinnu við Ríkiseignir</b>	<b>2022</b>	<b>2024</b>
<b>B3.3</b>			

## Leiðbeiningar við móttun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

### Almennt um skjalið

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar er engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuð áætlun.

Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.

Gera má nánari grein fyrir stefnumiðaðri áætlun aðila til þriggja ára og framkvæmd hennar í viðauka.

Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vefjum aðila og Stjórnarráðsins.

### Kjarnastarfsemi

Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.

Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.

Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.

### Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (*outcome*) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (*input*) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

**HM** er skammstöfun fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valkvætt er skrá númer þess heimsmarkmiðs sem viðkomandi markmið styður við. Hægt er að hafa til hliðsjónar heimsmarkmið sem skilgreind eru í markmiðatöflu í fjármálaáætlun.

## Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

### Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu í gildandi fjármálaáætlun.

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.

### Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

### Rekstrarþættir

Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni.

Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru metin. Er starfsemi metin reglulega? Hvernig er matið framkvæmt? Hvernig er gripið til úrbóta? Í hve ríkum mæli eru

## Leiðbeiningar við móttun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?

### **Markmið** (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið fyrir rekstrarþætti, í viðum skilningi og almenna starfsemi aðila.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin ættu að taka til aukinnar skilvirkni í starfsemi ríkisaðila, umbóta á sviði mannauðsmála og umhverfismála. Sem dæmi má taka mið af áherslum um betri vinnutíma og umbótasamtal því tengt auk markmiða stjórnvalda sem miða að því að stafræn samskipti séu megin samskiptaleið við ríkið og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040.

Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

### **Mælikvarðar** (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur af markmiðasetningu?

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem stefnumiðaða áætlunin nær til.

### **Aðgerðir/verkefni** (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvenær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.